

**Ed.**

**495. Frumvarp til laga**

[255. mál]

um breyting á lögum nr. 49 frá 1967, um skólakostnað.

Flm.: Kristján Ingólfsson, Ásgeir Bjarnason.

**1. gr.**

Aftan við 3. málsg. 16. gr. laganna komi ný málsgrein, er hljóði svo:  
Nú eru samtímis í heimavistarskóla á skyldunámsstigi fleiri en tvö systkini frá sama heimili, og skal þá ríkissjóður greiða að fullu og öllu fæðiskostnað fyrir þau, sem umfram tvö eru.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Ekki orkar tvímælis, að aðstaða fólks í sveitum til að afla börnum sínum almennrar fræðslu og menntunar er örðugri en þeirra, sem í bæjum og þéttbýli búa. Gildir þetta jafnt um skyldunám sem annað nám, þótt nokkur stigsmunur sé þar á.

Þegar í bernsku verða mörg heimili sveitanna að senda börnin að heiman í heimavistarskóla. Viða er þetta eina hugsanlega lausnin á fræðslumálum sveitanna, en jafnvel sú lausn hefur í för með sér ýmis vandkvæði. Við brottför barnanna af heimilinu á sér stað eigi lítil upplausn á fjölskyldulífinu, en jafnframt leggjast ósjaldan á aðrar áhyggjur. Í því sambandi má á það benda, að heimili verða að greiða fæðiskostnað barna sinna án tillits til efnahags. Að visu er sá vegur til að láta „sveitina greiða“, en sú leið mun fáum hugleikin og skipar ákveðinn neikvæðan sess í hugum almennings.

Því stendur hinn almenni þegn sveitanna eigi sjaldan frammi fyrir því að hafa blátt áfram ekki efni á að kosta barnafræðslu sona sinna og dætra, en verða að gera það engu að síður. Einhver kynni að segja, að engu að síður þyrftu börnin að borða heima og hefði það líka kostnað í för með sér. Það er og rétt, svo langt sem það nær. En í móti kemur sú staðreynd, að hyggin húsmóðir sníður sér stakk eftir vexti og hugsar um það öðru fremur að sjá búi sínu borgið. Auk þess kemur það betur út hjá bónda, sem er matvælaframleiðandi, að fæða barn sitt heima en að greiða fæðiskostnað þess að heiman.

Þetta mun af flestum viðurkennt, þó að nýtni og ágæt stjórn muni almennt í þessum málum í heimavistarskólum.

Nú er mjög um það rætt að jafna möguleika allra landsins barna til mennta, án tillits til búsetu þeirra.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar að lögum um skólakerfi, er lagt var fram á þessu þingi, segir svo í 7. grein:

„Ríki og sveitarfélögum er skylt að tryggja nemendum, hvar sem er á landinu, sem jafnasta aðstöðu til menntunar samkvæmt nánari ákvæðum, er sett verði í reglugerð.“

Í 8. grein nefnds frumvarps er hins vegar ríkinu gert að greiða í fyrstunni fyrir börn þeirra foreldra, sem geta það eigi sakir fjárskorts, en endurheimta síðan að hálfu frá viðkomandi sveitarfélagi.

Þannig skal ungmennið þó komast á sveit sína.

Hér er um að ræða vandamál, er allmarga snertir og ríður á að finna félagslega jákvæða lausn á. Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, leitast við að skapa nokkurn jöfnuð. Verði það samþykkt, greiða hjónin fæðisefni tveggja fyrstu barna sinna, er skyldunámsskóla sækja samtímis, en ríkissjóður — almannafé — fyrir þau börn þeirra, er umfram þá tölu eru.